

Níundi fundur Skólanefndar Framhaldsskólans á Laugum haldinn á skrifstofu skólameistara mánudaginn 18. nóvember 2019 klukkan 15:19.

Mættir: Unnsteinn Ingason (varamaður Bryndísa Ívarsdóttur), Dagbjört Jónsdóttir, Hjördís Stefánsdóttir, Bjarni Höskuldsson, Hanna Sigrún Helgadóttir, fulltrúi kennara, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Baldur B. Daníelsson sem ritaði fundargerð.

1. Fréttir úr skólastarfinu

Skólameistari fór yfir helstu þætti úr skólastarfi það sem af er vetri. Skólinn er í samstarfi við tékkneskan skóla um göngu- og útivistarverkefni. Í tengslum við verkefnið var sett af stað námskeiðið Björgunarmaður 1 og er þetta styrkt af Erasmus+. Frumkvöðlar að verkefninu eru þau Hnikarr og Bjargey.

Skólameistari fór á skólamálaráðstefna til Kína í byrjun október þar sem ýmsar athyglisverðar upplýsingar komu fram er lutu m.a. að líðan og árangri ungmenna í starfi.

Í byrjun október var skólanum boðið til VMA í tengslum við viðburðastjórnunaráfanga hjá VMA, sem tókst í alla staði vel.

Árshátíð skólans er fyrirhuguð laugardaginn 30. nóvember og verður hún haldin að Ýdölum. M.a. verður nemendum úr 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu boðið.

Í skólanum hefur starfað stýrihópur um rafræna kennsluhætti. Ákveðið er að fara með stýrihópin og skólameistara á BETT ráðstefnu til London í janúar n.k.

Þá fer allur kennarahópurinn til Finnlands um páskana á námskeið um rafræna kennsluhætti ásamt því að fara í skólaheimsóknir og kynna sér aðrar nýjungar í skólastarfi.

2. Breytingar á starfsmannahaldi á vorönn

Einn starfsmaður fer í barnsburðarleyfi á vorönn. Unnið er að því að leysa afleysingarnar með innanhúsfólki.

3. Umsóknir fyrir vorönn

Umsóknarfrestur fyrir vorönnina er til 30.11. Komnar eru fjórar nýjar umsóknir. Ekki er vitað á þessum tímapunkti um neina nemendur sem ætla að hætta í skólanum.

4. Ytra mat skólans

Á fimm ára fresti fer skólinn í svokallað ytra mat, sem framkvæmt er af Menntamálastofnun.

Skólameistari gerði grein fyrir þeirri vinnu sem liggur til grundvallar matinu. Von er á matsaðilum í skólann í næstu viku.

5. Fjármál og fjárhagsáætlun 2020

Miðað við framkomin fjárlög fyrir árið 2020 vantar 26,7 mkr. upp á skólinn fái sömu raunfjárheimildir og fyrir árið 2019. Skýringar sem gefnar eru fyrir þessari lækkun er fækkun nemenda, sem er ekki rétt og niðurfelling tregðuframlags. Hins vegar er áætlað að skólinn fái 20 mkr einskiptisframlag til þess að mæta lækkuninni.

6. Önnur mál

Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:12.